

LÖG

um breyting á lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald, með síðari breytingum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

21. gr. laganna (sbr. 5. gr. laga nr. 82/1980) orðist svo:

Fyrir stimplun hlutabréfa, sem gefin eru út af félögum með takmarkaðri ábyrgð, skal greiða 2% af fjárhæð bréfanna. Framsal hlutabréfa og jöfnunarhlutabréfa er stimpilfrjálst.

Hlutabréf, sem gefin eru út í stað eldri hlutabréfa, er sannanlega hafa verið stimpluð, og jöfnunarhlutabréf, sem gefin eru út í samræmi við ákvæði laga um tekjuskatt og eignarskatt, skulu þó undanþegin gjaldi fyrir stimplun, enda beri hvert einstakt hlutabréf með sér að um endurútféið bréf eða jöfnunarhlutabréf sé að ræða. Þeir, sem gjaldfrjálsrar stimplunar beiðast, skulu sýna fram á að þau hlutabréf, sem hin nýju hlutabréf leysa af hólmi, hafi verið úr gildi felld eða að viðkomandi útgáfa jöfnunarhlutabréfa hafi ekki í för með sér raunverulega verðmætisaukningu hlutafjár í viðkomandi félagi. Gjaldfrjáls stimplun skal fara fram áður en tveir mánuðir eru liðnir frá útgáfu hlutabréfa þeirra sem um ræðir í þessari málsgrein. Að öðrum kosti ber að innheimta stimpilgjald af þeim í samræmi við ákvæði 1. mgr.

Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi

*Gjört í Reykjavík, 13. maí 1982.***Friðjón Þórðarson.****Jón Helgason.****Logi Einarsson.**

(L. S.)

Ragnar Arnalds.